

**Ed.**

**1034. Frumvarp til laga**

[342. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. mars.)

Samhljóða þskj. 806 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

69. gr. laganna orðast svo:

**A**

**Barnabætur.**

1. Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 12 625 kr. með fyrsta barni en 18 910 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 12 625 kr. hærrí en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærrí en að framan greinir, þó að lágmarki 37 820 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld fyrri ára.

Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambylisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta og skuldajöfnun þeirra á móti vangoldnum opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. Vegna barna, sem um ræðir í 1. tölul., skal ríkissjóður að lokinni álagningu greiða framfæranda barns sérstakan barnabótaauka, enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. þessa tölulíðs uppfyllt.

Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 25 250 kr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður tekjuskattsstofn hjóna nær 865 714 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er tekjuskattsstofn foreldris nær 704 964 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 620 333 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 143 087 kr.

Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangs röð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4.–7. mgr. 1. tölul. þessarar greinar gilda um barnabótaauka.

## **B**

### **Húsnæðisbætur.**

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum, enda séu öll eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast.
2. Íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota.
3. Íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Húsnæðisbætur skulu vera 55 000 kr. á ári vegna hvernar íbúðar.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging íbúðarhúsnæðis er hafin eða það keypt, sé um notað íbúðarhúsnæði að ræða, og varir í sex ár frá og með því ári.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald bótaþega á viðkomandi íbúð. Selji bótaþegi íbúð, sem húsnæðisbætur miðast við, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði falla bótagreiðslur til hans niður. Ónýttur bótaréttur skal þá geymast þar til hann hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Húsnæðisbætur skulu skiptast til helminga á milli hjóna sem skattlögð eru skv. 63. gr. og sambýlisfólks sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. og að jöfnu á milli þeirra einstaklinga sem eru sameigendur íbúðarhúsnæðis sem húsnæðisbætur miðast við.

Húsnæðisbætur skulu greiðast réttthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin ógoldin þinggjöld fyrri ára.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd samkvæmt þessum staflíð, svo sem um skilyrði fyrir útborgun húsnæðisbóta, fyrirkomulag útborgana og fjölda þeirra á hverju ári.